

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2015

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um Haf- og vatnarannsóknir, mál 391 á 144 löggjafarþingi.

Samkvæmt frumvarpinu verða tvær stofnanir, Hafrannsóknarstofnun og Veiðimálastofnun, lagðar niður en nýrri stofnun ætlað að taka við hlutverki þeirra. Bandalag háskólamanna tekur ekki sérstaklega afstöðu til þessarar sameiningar en leggur áherslu á að vel verði að henni staðið og að sameiningin verði til þess að styrkja faglegt starf á þeim sviðum sem þessar stofnanir hafa starfað.

Bandalagið leggur áherslu á að hagsmuna núverandi starfsmanna verði gætt við þessa sameiningu enda er þeim ætlað að beru uppi starfsemi nýrrar stofnunar og algjörlega undir þeim komið að vel takist til við sameininguna. Grundvallaratriði í því sambandi er að vel takist til um starfsmannamál nýrrar stofnunar.

Til þess að svo megi verða telur bandalagið rétt að í stað þess að segja öllum starfsmönnum upp í þeirri von að þeir endurráði sig hjá nýrri stofnun á óvissum kjörum, verði farið að lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002. Jafnframt telur bandalagið eðlilegt að tryggt verði að allir þeir sem kjósa að láta af störfum við þessa breytingu njóti réttinda í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um frekari rökstuðning við þessa afstöðu vísar bandalagið til umsagnar Félags íslenskra náttúrufræðinga við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,



Páll Halldórsson,

formaður